

Reykjavík, 23. mars 2022

MSS22020266

Til Mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Vísað er til bréfs, dagsett 15. mars, 2022, þar sem óskað er eftir svörum frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði um hvenær ný vefur Reykjavíkurborgar verði að fullu kominn í lag og að fullu tilbúin.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,



Þróstur Sigurðsson,
Skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur

SVAR

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Sendandi: Pröstur Sigurðsson, skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Á fundi Mannréttinda, nýsköpunar og lýðræðisráðs þann 10. mars 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands, sbr. 8. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Ný heimasíða Reykjavíkurborgar hefur litið dagsins ljós en hún er langt í frá að vera tilbúin, má t.a.m. nefna að við yfirfærslu fundargerða yfir á nýja vefinn fór ýmislegt úrskaiðis og vantar upp á að fundargerðir séu birtar með réttum hætti. Unnið er að lagfæringu og er fólki bent á að fara á eldri vef til að skoða fundargerðir. Erfitt er að vinna við þetta fyrirkomulag, þar sem borgarfulltrúar og aðrir þurfa að reiða sig á upplýsingar sem koma fram á vefsíðunni og erfitt er að nálgast gögn og upplýsingar. Fulltrúi Sósíalistasflokks Íslands spyr hvenær vefsíðan verði komin í lag og að fullu tilbúin? MSS22020266

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 15. mars, 2022.

Svar:

Vefsvæði Reykjavíkurborgar er umfangsmikið bæði hvað varðar virkni innan vefsvæðisins og svo í gagnamagni. Vefsvæðið inniheldur meira en 18 þúsund vefsíður og er einnig samsett með virkni nokkurra vefumsjónarkerfa sem hvert og eitt hefur ákveðna virkni og sérsmíði. Við uppsetningu á viðmóti í takt við hönnunarkerfi borgarinnar á vefsvæðinu var farin sú leið að breyta ekki framsetningu á vefsvæðum sem væru með einhverskonar virkni sem kæmi til með að verða leyst á annan máta á næstunni. Þessi leið var farin til að koma í veg fyrir tvíverknað og til að draga úr kostnaði.

Þegar vefhönnuðir og forritarar byrja á nýju verkefni fer það venjulega í gegnum nokkur þróunarstig þar á meðal stig sem nefnd eru alpha og beta. Beta-útgáfan er iðulega síðasta stig prófana áður en vefur er settur formlega í loftið og þá með raungögnum fyrir almenning. Á þessum tímapunkti gefst tækifæri fyrir vefhönnuði og forritara að fá endurgjöf frá notendum og getur þá komið í ljós að einhverjir vefpartar, textar og myndir þarfnist enn lagfæringar. eru því allar ábendingar skoðaðar og villur lagfærðar áður en vefur fer endanlega í loftið.

Beta-útgáfa af vef Reykjavíkurborgar var sett upp og sett í loftið í október 2021 og fjöldi prófana gerður þar sem allar birtingar skiluðu sér rétt. Ekki tókst að framkalla villur í prófununum. Því var í góðri trú ráðist í að vísa notendum af slóðinni www.reykjavik.is yfir á uppfært vefsvæði í lok janúar 2022.

Þrátt fyrir allar prófanir og fyrirvara komu upp villur við þennan flutning. Villurnar eru tilkomnar vegna þess að gamla vefsvæðið fyrir fundargerðir er ekki fullkomlega samhæft við það nýja. Það er ekki óalgengt að slíkt komi upp og er þá unnið að því að laga það eins hratt og hægt er. Í þessu tilfelli komu því miður upp villur sem erfitt var að átta sig á hvaðan voru sprotnar og hvernig skyldi að uppræta en villurnar tengdust lausn sem sett var upp til að varpa upplýsingum áfram af eldra vefsvæði fundargerða yfir á það nýja.

Verkefnið sem sneri að breytingum á framsetningu á efni vefsvæðisins telst nú vera lokið. Lagfæringum og viðhaldi á vefsvæðinu fyrir birtingu fundargerða á vefsvæðinu telst einnig lokið og má nú nálgast flestar fundargerðar á nýja vefsvæðinu. Fínstillingar standa nú yfir, m.a. eftir ábendingar og samtöl við notendur og þegar þeim lýkur verður borðinn sem birtist með tilvísun í eldra vefsvæði fjarlægður. Viðhald á vefsvæðinu heldur áfram og verða minni breytingar og stillingar innleiddar í vikulegu ítrunarferli sem stendur yfir næstu mánuði.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið biðst velvirðingar á þeirri röskun sem hefur orðið á störfum borgarfulltrúa og annarra vegna þessa. Sviðið er mjög meðvitað um að vefsvæði borgarinnar er mjög mikilvægt fyrir upplýsingamiðlun til starfsfólks, fyrirtækja og íbúa og reynt er eftir bestu getu að sinna öllum verkum er tengjast vef borgarinnar af hratt og örugglega.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Þróstur Sigurðsson,
Skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur